

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)
nr. 844/2011**

2012/EES/59/29

frá 23. ágúst 2011

**um samþykki fyrir eftirliti Kanada fyrir útflutning hveitis og hveitimjöls til að kanna
hvort það inniheldur okratoxín A (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt ⁽¹⁾, einkum 23. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006 frá 19. desember 2006 um hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum ⁽²⁾ er mælt fyrir um leyfileg hámarksgildi fyrir okratoxín A í matvælum. Einungis má setja matvæli á markað í Sambandinu sem uppfylla kröfur um hámarksgildi.
- 2) Í reglugerð (EB) nr. 882/2004 er kveðið á um að aðildarríkjunum sé skylt að sjá til þess að opinberu eftirliti sé sinnt reglulega og út frá áhættu og fari nægilega oft fram til að markmiðum þessarar reglugerðar verði náð, en þau eru m.a. að afstýra eða eyða áhættu gagnvart fólki og dýrum eða minnka hana að viðunandi marki.
- 3) Í 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004 er kveðið á um að samþykkja megi sérstakt eftirlit sem þriðja land annast með fóðri og matvælum rétt áður en þau eru flutt út til Evrópusambandsins í þeim tilgangi að sannprófa að útflutningsafurðirnar fullnægi kröfum Sambandsins.
- 4) Slíkt samþykki má aðeins veita þriðja landi eftir að úttekt Sambandsins hefur leitt í ljós að fóður eða matvæli, sem flutt eru út til Evrópusambandsins, uppfylla kröfur Sambandsins eða sambærilegar kröfur og að eftirlitið sem sinnt er í þriðja landinu fyrir sendingu teljist nægilega áhrifaríkt og skilvirkt til að koma í stað eða draga úr sannprófun skjala, auðkenna og eftirliti með ástandi sem mælt er fyrir um í lögum Sambandsins.
- 5) Hinn 8. október 2007 lagði Kanada fyrir framkvæmdastjórnina umsókn um að fá samþykki fyrir því eftirliti fyrir útflutning sem lögbær yfirvöld í Kanada sinna með

mengun af völdum okratoxíns A í hveiti (venjulegu hveiti og harðhveiti) og hveitimjöli sem ætlunin er að flytja út til Evrópusambandsins.

- 6) Framkvæmdastjórnin hefur metið í smáatriðum þær upplýsingar sem Kanadíska kornráðið (e. Canadian Grain Commission), sem er það lögbært yfirvald Kanada sem ber ábyrgð á eftirliti fyrir útflutning, lagði fram og telur að þær ábyrgðir sem veittar eru séu fullnægjandi og réttlæti samþykki fyrir eftirlitinu fyrir útflutning á hveiti og hveitimjöli að því er varðar tilvist okratoxíns A.
- 7) Því þykir rétt að veita samþykki fyrir því eftirliti sem Kanada sinnir fyrir útflutning á hveiti og hveitimjöli sem tryggir að farið sé að þeim ákvæðum um hámarksgildi okratoxíns A sem mælt er fyrir um í löggjöf Sambandsins.
- 8) Samkvæmt 2. mgr. 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004 er aðildarríkjum skylt að laga tíðni eftirlits með ástandi innfluttra afurða að áhættu sem tengist mismunandi matvælaflokkum, m.a. með tilliti til ábyrgða sem lögbær yfirvöld í þriðja landi, sem er upprunaland matvællanna sem um er að ræða, leggja fram. Kerfisbundið eftirlit fyrir útflutning, sem fer fram á vegum Kanadíska kornráðsins og samrýmist samþykki Sambandsins og er í samræmi við 23. gr. reglugerðar 882/2004, veitir viðunandi ábyrgðir að því er varðar mengun af völdum okratoxíns A í hveiti og hveitimjöli og gerir því aðildarríkjunum kleift að draga úr tíðni eftirlits með ástandi þessarar vöru.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra,

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Samþykki fyrir eftirliti fyrir útflutning

Eftirlit fyrir útflutning að því er varðar tilvist okratoxíns A, sem Kanadíska kornráðið sinnir rétt fyrir útflutning til Evrópusambandsins, er samþykkt fyrir eftirfarandi matvæli:

a) hveiti sem fellur undir ST/SAT-númerið 1001 og er framleitt á yfirráðasvæði Kanada og

b) hveiti sem fellur undir ST/SAT-númerið 110100 og er framleitt á yfirráðasvæði Kanada.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 218, 24.8.2011, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/2012 frá 30. apríl 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 50, 13.9.2012, bls. 13.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 165, 30.4.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 364, 20.12.2006, bls. 5.

2. gr.

Skilyrði varðandi samþykki fyrir eftirliti fyrir útflutning:

1. Hverri afurðasendingu, sem um getur í 1. gr., skal fylgja:
 - a) skýrsla með niðurstöðum úr sýnatöku og greiningu, sem er gerð í samræmi við ákvæði reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 401/2006 frá 23. febrúar 2006 um aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna opinbers eftirlits með innihaldi sveppaeiturs í matvælum ⁽¹⁾ eða sambærilegar kröfur, á vegum rannsóknarstofu sem Kanadíska kornráðið hefur samþykkt í því skyni,
 - b) vottorð í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í viðaukanum, sem er útfyllt, staðfest og undirritað af fulltrúa Kanadíska kornráðsins og skal vottorðið gilda í fjóra mánuði frá útgáfudegi.
2. Leggja má skýrsluna og vottorðið, sem um getur í 1. mgr., fram á rafrænan hátt eftir að samkomulag hefur náðst um hagnýt atriði.
3. Hver vörusending af matvælum skal bera auðkenniskóða sem skal einnig koma fram í skýrslunni og í vottorðinu sem um getur í 1. mgr. Sérhver poki eða annars konar pakkning í vörusendingunni skal auðkennd með sama kóða.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. ágúst 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel Barroso

forseti.

3. gr.

Vörusendingum skipt upp

Ef vörusendingu er skipt upp skulu afrit af vottorðinu, sem kveðið er á um í b-lið 1. mgr. 2. gr. og lögbært yfirvald í aðildarríkinu þar sem skiptingin fór fram hefur vottað, fylgja hverjum hluta skiptu vörusendingarinnar þar til hún er sett í frjálsa dreifingu.

4. gr.

Opinbert eftirlit

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 16. gr. og 2. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004 skulu aðildarríkin draga úr tíðni eftirlits með ástandi afurðasendinga, sem um getur í 1. gr., niður í að hámarki 1% af þeim sendingum sem er framvísað í samræmi við 2. gr.

5. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. október 2011.

⁽¹⁾ Stjóð. ESB L 70, 9.3.2006, bls. 12.

VIÐAUKI

LAND:

Vottorð fyrir innflutningi til ESB

I. hluti: Upplýsingar um vörusendingu	I.1. Sendandi Heiti Heimilisfang Símanr.		I.2. Tilvísunarnúmer vottorðs	I.2.a.		
			I.3. Lögbært stjórnvald			
			I.4. Lögbært staðaryfirvald			
	I.5. Viðtakandi Heiti Heimilisfang Póstnúmer Símanr.		I.6. Einstaklingur sem er ábyrgur fyrir vörusendingunni í ESB Heiti Heimilisfang Póstnúmer Símanr.			
	I.7. Upprunaland	ISO-kóði	I.8.	I.9. Viðtökuland	ISO-kóði	I.10
	I.11 Upprunastaður Heiti Heimilisfang		Samþykkisnúmer	I.12. Place of destination		
I.13. Fermingarstaður		I.14. Brottfarardagur				
I.15. Flutningataeki Flugvél <input type="checkbox"/> Skip <input type="checkbox"/> Járnbrotarvagn <input type="checkbox"/> Ökutæki <input type="checkbox"/> Annað <input type="checkbox"/> Auðkenning: Tilvísun í skjöl:		I.16. Skoðunarstöð á landamærum við innflutning inn í ESB				
		I.17.				
I.18. Lýsing á vöru			I.19. Vörunúmer (ST-númer)			
			I.20. Magn			
I.21. Hitastig afurðar Við stofuhita <input type="checkbox"/> Kæld <input type="checkbox"/> Fryst <input type="checkbox"/>			I.22. Fjöldi pakkninga			
I.23. Nr. innsiglis/umbúða			I.24. Tegund umbúða			
I.25 Vörur sem eru vottaðar: Til mannelis <input type="checkbox"/> Til notkunar í fôður <input type="checkbox"/> Til frekari vinnslu <input type="checkbox"/>						
I.26.		I.27. Til innflutnings eða inntöku í ESB <input type="checkbox"/>				
I.28. Auðkenning vörunnar Tegund meðhöndlunar Númer framleiðslulotu						

LAND

HVEITI - EFTIRLIT FYRIR INNFLUTNING

II hluti: Vottorð	II.	Upplýsingar um heilbrigði	II.a.	Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.
	<p>Samkvæmt ákvæðum reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2011 um samþykki fyrir eftirliti Kanada fyrir útflutning hveitis og hveitimjòls til að kanna hvort það inniheldur okratoxín A staðfesti ég undirritaður/undirrituð, viðurkenndur fulltrúi lögbæra yfirvaldsins sem um getur í 1. gr., að vörurnar sem lýst er í I. hluta vottorðsins hafa verið framleiddar, flokkaðar, meðhöndlaðar, unnar, pakkaðar og fluttar í samræmi við góðar hollustustarfsvenjur og hafa sætt eftirliti fyrir útflutning sem samþykkt var með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2011 og ábyrgist að vörurnar sem falla undir þetta vottorð verða fluttar til Evrópusambandsins í gámi sem er í samræmi við góðar hollustustarfsvenjur.</p> <p>Sýni til greiningar á okratoxíni A voru tekin úr þessari vörusendingu (dags.), greind í rannsóknarstofu (dags.) á (heiti rannsóknarstofu) og upplýsingar varðandi sýnatöku, greiningaraðferðir sem notaðar voru og allar niðurstöður fylgja með.</p>				
<p>Athugasemdir</p> <p>Þetta vottorð gildir í 4 mánuði frá útgáfudegi.</p> <p>I. hluti</p> <ul style="list-style-type: none"> - Reitur I.11: Samþykkisnúmer: aðeins ef við á. - Reitur I.19: Nota skal viðeigandi ST-númer Alþjóðatollastofnunarinnar: 1001 eða 1101. - Reitur I.20: Tilgreinið heildarbrúttóþyngd og heildarnettóþyngd. - Reitur I.25: Frekari vinnsla merkir „sem flokka á eða meðhöndla með öðrum eðlisfræðilegum aðferðum áður en þær eru notaðar til manneldis“. 					
<p>Opinber skoðunarmaður</p> <p>Nafn (með hástöfum):</p> <p>Dagsetning:</p> <p>Stimpill:</p>					
<p>Menntun, hæfi og titill:</p> <p>Undirskrift:</p>					

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)
nr. 931/2011**

2012/EES/59/30

frá 19. september 2011

**um kröfur um rekjanleika, sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins
(EB) nr. 178/2002, að því er varðar matvæli úr dýraríkinu (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

afhendingaraðilum sínum og beinum viðskiptavinum,
nema þegar um er að ræða lokaneytendur.

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla ⁽¹⁾, einkum 5. mgr. 18. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002 eru settar almennar meginreglur er varða rekjanleika matvæla. Þar er kveðið á um að á öllum stigum framleiðslu, vinnslu og dreifingar skuli vera fyrir hendi möguleiki á að rekja feril matvæla. Þar er einnig kveðið á um að stjórnendur matvælafyrirtækja skuli geta tilgreint alla einstaklinga og lögaðila sem hafa afhent þeim matvæli. Slíkir rekstraraðilar skulu einnig geta tilgreint fyrirtækin sem þeir hafa afhent vörur sínar. Þessar upplýsingar skulu gerðar aðgengilegar lögbærum yfirvöldum að beiðni þeirra.
- 2) Rekjanleiki er nauðsynlegur til að tryggja öryggi matvæla og áreiðanleika upplýsinga sem miðlað er til neytenda. Einkum er nauðsynlegt að gera matvæli, sem upprunnin eru úr dýraríkinu, rekjanleg til að stuðla að því að taka megri hættuleg matvæli af markaði og vernda þannig neytendur.
- 3) Til að ná fram þeim rekjanleika matvæla sem mælt er fyrir um í 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002 þarf nöfn og heimilisföng, bæði hjá stjórnanda matvælafyrirtækisins sem afhenti matvælin og stjórnanda matvælafyrirtækisins sem tók við matvælunum. Krafa byggist á aðferðinni „eitt skref aftur á bak, eitt skref áfram“ (e. *one-step back - one-step forward*) sem felur í sér að stjórnendur matvælafyrirtækja hafi komið sér upp kerfi sem geri þeim kleift að kunna deili á beinum

- 4) Undangengin áföll vegna matvæla hafa leitt í ljós að skjalfestar heimildir nægðu ekki alltaf til að gera grunsamleg matvæli að fullu rekjanleg. Á meðan á innleiðingu reglugerðar (EB) nr. 178/2002, reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 frá 29. apríl 2004 um hollustuhætti sem varða matvæli (), reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu () og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis () stóð leiddi reynslan í ljós að stjórnendur matvælafyrirtækja búa almennt ekki yfir þeim upplýsingum sem þarf til að tryggja að kerfi þeirra til auðkenningar á meðhöndlun eða geymslu matvæla séu viðunandi, einkum í geira matvæla úr dýraríkinu. Í umræddum geira hefur þetta leitt til ónaúð-synlega mikils efnahagslegs taps vegna þess að skort hefur á fljótvirkan og fullan rekjanleika matvæla.
- 5) Því þykir rétt að mæla fyrir um tilteknar reglur fyrir þennan sérstaka geira matvæla úr dýraríkinu til að tryggja að kröfunum, sem settar eru fram í 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002, sé beitt á réttan hátt. Þessar reglur ættu að veita (nokkurn) sveigjanleika varðandi það á hvaða formi viðkomandi upplýsingar eru gerðar aðgengilegar.
- 6) Einkum er við hæfi að veita viðbótarupplýsingar um rúmmál eða magn matvæla úr dýraríkinu, tilvísun sem auðkennir, eftir því sem við á, framleiðslueininguna, framleiðslulutuna eða sendinguna, nákvæma lýsingu á matvælunum og sendingardaginn.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 242, 20.9.2011, bls. 2. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/2012 frá 30. apríl 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 50, 13.9.2012, bls. 13.

(1) Stjtið. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1.

(2) Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 1.

(3) Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55.

(4) Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 206.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um ákvæði til framkvæmdar á kröfunum um rekjanleika, sem settar voru með reglugerð (EB) nr. 178/2002, fyrir stjórnendur matvælafyrirtækja að því er varðar matvæli úr dýraríkinu.

2. gr.

Gildissvið

1. Reglugerð þessi skal gilda um matvæli sem eru skilgreind sem óunnar og unnar afurðir í 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 852/2004.

2. Þessi reglugerð gildir ekki um matvæli sem innihalda bæði afurðir úr jurtaríkinu og unnar afurðir úr dýraríkinu.

3. gr.

Kröfur um rekjanleika

1. Stjórnendur matvælafyrirtækja skulu tryggja að eftirfarandi upplýsingar varðandi sendingar af matvælum úr dýraríkinu séu gerðar aðgengilegar fyrir stjórnanda matvælafyrirtækisins sem fær matvælin afhend og, sé þess óskað, lögbæra yfirvaldið:

- a) nákvæm lýsing á matvælunum,
- b) rúmmál eða magn matvællanna,
- c) nafn og heimilisfang stjórnanda matvælafyrirtækisins þaðan sem matvælin voru send,
- d) nafn og heimilisfang sendanda (eiganda) ef hann er annar en stjórnandi matvælafyrirtækisins þaðan sem matvælin voru send,

e) nafn og heimilisfang stjórnanda matvælafyrirtækisins þangað sem matvælin eru send,

f) nafn og heimilisfang sendanda (eiganda) ef hann er annar en stjórnandi matvælafyrirtækisins þangað sem matvælin eru send,

g) tilvísun sem auðkennir, eftir því sem við á, framleiðslueininguna, framleiðslulotuna eða sendinguna og

h) sendingardagurinn.

2. Upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr., skulu gerðar aðgengilegar auk allra upplýsinga sem krafist er samkvæmt viðeigandi ákvæðum í löggjöf Sambandsins sem varða rekjanleika matvæla úr dýraríkinu.

3. Upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr., skulu uppfærðar daglega og geymdar a.m.k. þar til telja má vist að matvællanna hafi verið neytt.

Óski lögbært yfirvald þess skal stjórnandi matvælafyrirtækisins leggja upplýsingarnar fram án ótilhlýðilegrar tafar. Það er háð vali afhendingaraðila matvællanna hvaða form þykir viðeigandi til að gera þessar upplýsingar tiltækar svo fremi sem upplýsingarnar, sem óskað er eftir í 1. mgr, verði á skýran og ótvíræðan hátt tiltækar og heimtanlegar fyrir rekstraraðilann sem tekur við matvælunum.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 1. júlí 2012.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. september 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.